

Málefнасamningur um meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokks og Jafnaðarfólks og óháðra fyrir kjörtímabilið 2022-2026

Sjálfstæðisflokkurinn og Jafnaðarfólk og óháðir hafa stofnað til meirihlutasamstarfs fyrir kjörtímabilið 2022-2026. Framboðin eru sammála um að leggja áherslu á uppbyggingu innviða sveitarfélagsins, ásamt því að efla grunnþjónustu við íbúa, atvinnulíf, frístundir og menningu. Á kjörtímabilinu mun sveitarfélagið móta framkvæmdaáætlun um hvernig staðið skuli að uppbyggingu mannvirkja til íþróttaiðkunar og útivistar í samráði við íbúa, hagsmunaaðila og íþróttahreyfinguna.

Meirihlutinn hefur komið sér saman um eftirfarandi verkaskiptingu:

Fulltrúi Jafnaðarfólks og óháðra verður formaður bæjarráðs og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins verður forseti bjarstjórnar.

Stefnt er að því að staða bjarstjóra Fjallabyggðar verði auglýst.

Framboðin skipta með sér formennsku í nefndum sem hér segir:

Sjálfstæðisflokkurinn í Fjallabyggð:

Fræðslu- og frístundanefnd

Öldungaráð

Hafnarstjórn

Skólanevnd tónlistarskólans á Tröllaskaga

Jafnaðarfólk og óháðir í Fjallabyggð:

Skipulags- og umhverfisnefnd

Félagsmálanefnd

Markaðs- og menningarnefnd

Heilbrigðisnefnd HNV

Almennt um nefndarstörf:

Umfjöllun og ákvarðanir sem varða fjárútlát eða fjárhagsskuldbindingar, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun, ber að taka fyrir í bæjarráði áður en fjallað er um málið í nefndum.

Framboðin eru sammála um að fyrir júní á hverju ári, skuli skipting nefnda rædd og mögulega endurskoðuð.

Framboðin eru sammála um að breyta skuli stjórn dvalar og hjúkrunarheimilisins Hornbrekku þannig að í stað fulltrúa frá framboðum þá skuli skipa þrjá fulltrúa til setu í stjórn Hornbrekku til fjögurra ára. Í stjórninni skulu að jafnaði eiga sæti bæjarstjóri, formaður bæjarráðs, formaður félagsmálanefndar og einn fulltrúi frá minnihluta í bæjarstjórn. Bæjarstjórn skipar formann og varaformann stjórnarinnar. Starfsmaður stjórnar Hornbrekku er starfsmaður félagsmáladeildar sem tilnefndur er af deildarstjóra félagsmáladeildar. Auk kjörinna fulltrúa í stjórn Hornbrekku eiga hjúkrunarforstjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar almennt seturétt á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Framboðin eru sammála um að skipa í byrjun kjörtímabilsins sértæka starfshópa um eftirfarandi málefni og að fleiri hópar verði skipaðir um mikilvæg málefni á kjörtímabilinu.

- **Samgöngumál Fjallabyggðar** - Verkefni verði að móta varanlega lausn á samgöngumálum Fjallabyggðar í samráði við ríkisvaldið.
- **Hafnsækna starfsemi** - Sérstaklega skal horft til þess að finna Ólafsfjarðarhöfn ný verkefni með auknum umsvifum með það að markmiði að auka fjölbreytni atvinnulífsins.

Rekstur og fjármál sveitarfélagsins

Framboðin eru sammála um að traustur rekstur sé grundvöllur þess að samfélagið geti tekist á við skyldur sínar og þá þjónustu sem því er ætlað að veita. Stefnt verði að því að auka getu sveitarfélagsins til fjárfestinga í innviðum og verkefnum sem auki tekjur sveitarfélagsins til framtíðar.

- Farið verði í árangursúttekt á þjónustuveitingu sveitarfélagsins á fyrri hluta kjörtímabilsins.
- Fjárfestingu á vegum sveitarfélagsins verði stýrt eftir fremsta megni í tekjuskapandi verkefni án þess að hækka álögur á íbúa.
- Sveitarfélagið og stofnanir þess setji sér rekstrarmælikvarða.
- Vinna við fjárhagsáætlun verði bætt m.a. með því að áætlanagerð sé skýr, skilvirk og byggð á sem bestu gögnum á hverjum tíma.
- Haldið verður áfram að veita hugmyndum og tillögum íbúa farveg við gerð fjárhagsáætlunar.

Umhverfis- og skipulagsmál

Mörkuð verði sjálfbærni- og umhverfisstefna sveitarfélagsins og unnið að því að stofnanir, fasteignir og opin svæði verði til fyrirmyndar. Sveitarfélagið sýni gott fordæmi og hvetji þannig íbúa og fyrirtæki til þess að huga vel að umhverfi sínu með tilliti til hreinsunar og fegrunar.

- Lokið verði við öryggis- og umhverfisúrbótum við Aðalgötu í Ólafsfirði, í samræmi við nýtt deiliskipulag.
- Fundin verði varanleg lausn í málefnum miðbæjar Siglufjarðar og tjaldsvæðisins á Siglufirði.
- Uppbygging á miðbæjarkjarna í Ólafsfirði með því að endurgera lóðina í kringum Tjarnarborg, menningarhúsi Fjallabyggðar.
- Sveitarfélagið móti sér umhverfisstefnu til framtíðar. Stefnu sem styður við aðra starfsemi innan sveitarfélagsins s.s. ferðamennsku og atvinnustefnu sveitarfélagsins. Stefnan taki mið af loftslagsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
- Framkvæmdir á opnum svæðum verði áfram unnar með hagsmuni nærumhverfisins að leiðarljósi, og verði í samræmi við og taki mið af núverandi umhverfi og notkun.
- Komið verði á fót Umhverfisverðlaunum Fjallabyggðar sem veitt verði einstaklingum og fyrirtækjum sem skara fram úr á sviði umhverfismála og umhverfisverndar.
- Skoðað verði á kjörtímabilinu hvort grundvöllur sé til stofnunar kolefnissjóðs Fjallabyggðar.
- Fjallabyggð verði framúrskarandi sveitarfélag þegar kemur að flokkun sorps og umgengni við gámastöðvar.
- Óskað eftir samráði og tillögum frá íbúum um forgangsöröðun í umhverfismálum.

Stjórnsýsla

Framboðin eru sammála um að stuðla að því að stjórnsýsla Fjallabyggðar verði skilvirk og hagkvæm. Stjórnsýslan á að vera eins opin íbúunum og lög leyfa. Þá þarf stjórnsýslan einnig að vera aðgengileg öllum íbúum sveitarfélagsins, þ.m.t. íbúum með annað móðurmál en íslensku.

- Heimasíða sveitarfélagsins verði rýnd, endurbætt og gerð notendavænni.
- Helstu upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins verði aðgengilegra á t.d. pólsku og öðrum helstu tungumálum innflytjenda.
- Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu setja sér árangursmælikvarða um afgreiðslu mála.
- Stefnt að því að stjórnsýsla Fjallabyggðar verði að mestu leyti rafræn fyrir lok kjörtímabilsins. Þó skal tekið tillit til mismunandi tæknikunnáttu fólks í samfélaginu og komið til móts við það.
- Þjónustukannanir verði framkvæmdar til að meta skilvirkni stjórnsýslunnar og ánægju íbúa með hana. Niðurstöður þeirra verði síðan nýttar til úrbóta.
- Farið verði í markvissa vinnu um að meta húsnæðisþörf sveitarfélagsins fyrir starfsemi sína til framtíðar.

Atvinnumál

Fjölbreytt atvinnulíf er grundvöllur byggðar í Fjallabyggð. Sveitarfélagið þarf að móta sér stefnu í atvinnumálum sem tekur mið af þeim aðstæðum sem eru í Fjallabyggð og styrkleikum samfélagsins. Það er ekki sveitarfélagsins að standa í áhætturekstri en það er skylda sveitarfélagsins að skapa umgjörð þar sem fyrirtæki geta þrífist, blómstrað og ný atvinnutækifæri orðið til.

- Framboðin eru sammála um að störf án staðsetningar eru stærsta tækifæri landsbyggðarinnar og þar með Fjallabyggðar til fjölbreyttrar atvinnusköpunar. Unnið verður markvisst að því á kjörtímabilinu að gera Fjallabyggð að valkosti fyrir störf án staðsetningar.
- Unnið verði eftir nýrri stefnu Fjallabyggðahafna þegar kemur að nýtingu tækifæra og uppbyggingu hafnarmannvirkja og hún endurskoðuð árlega.
- Móta þarf stefnu og styrkja samráðsvettvang með hagsmunaaðilum og fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem liður í því að gera Fjallabyggð að framúrskarandi áfangastað.
- Haldið verði áfram með verkefnið Björgunarmiðstöð norðurslóða í tengslum við varðskipið Freyju.
- Fjallabyggð beiti sér fyrir fjölgun opinberra starfa í Fjallabyggð. Ríkið verði hvatt til þess að flytja verkefni og störf til Fjallabyggðar.
- Þrýst verði á styrkingu raforkuflutnings til Fjallabyggðar, gegnum Eyjafjarðarsvæðið.
- Fjallabyggð styðji við allt frumkvöðlastarf með því að frumkvöðlar í Fjallabyggð fái sambærilega þjónustu og í öðrum sveitarfélögum.
- Stuðlað verði að áframhaldandi uppbyggingu öflugss og fjölbreytts atvinnulífs m.a. með því að endurskoða gjaldtöku vegna atvinnulóða.
- Sveitarfélagið haldi áfram að leita leiða með fyrirtækjum í Fjallabyggð til að hvetja til atvinnuþátttöku fatlaðra og þeirra sem hafa átt erfitt með að ná fótfestu á vinnumarkaði.
- Stuðlað verði að frjóum jarðvegi fyrir atvinnulíf og ferðaþjónustu, með því að viðhalda sterkum innviðum og unnið verður áfram að því að styrkja ímynd byggðarkjarnanna í Fjallabyggð.

Búsetu- og húsnæðismál

Framboðin eru sammála um að mikilvægi virks húsnæðismarkaðar. Hlutverk sveitarfélagsins er að leggja sitt af mörkum til þess að virkur húsnæðismarkaður sé til staðar í Fjallabyggð, sem uppfylli þarfir íbúa og fyrirtækja.

- Öll gjaldtaka sveitarfélagsins tengd fasteignum verði endurskoðuð með það fyrir augum að stuðla að nýbyggingu íbúðarhúsnæðis.
- Kannað verði hvernig hægt sé að einfalda reglur sveitarfélagsins með það fyrir augum að einfalda úthlutun byggingalóða og lágmarka byggingarkostnað. Skipulagsmál sveitarfélagsins verður endurskoðuð m.t.t. þess að gera nýbyggingu húsnæðis til þjónustu og léttis iðnaðar hagkvæmari og álitlegri.
- Unnið verði með niðurstöður könnunar um húsnæðispörf í Fjallabyggð og í kjölfarið farið í kynningarátak með verktökum og áhugasömum aðilum um hvernig hægt sé að mæta þörfum íbúa. Tekið skal tillit þeirrar þjónustu sem fyrir er í sveitarfélaginu.
- Hafið samtal við sveitarfélög í sambærilegri stöðu og við ríkisvaldið um hvernig tryggja eigi eðlilega framþróun fasteignamarkaðarins.

Fræðslumál

Fræðslustarf er stærsta verkefni sveitarfélagsins og því mjög mikilvægt að sveitarfélagið bjóði nemendum, starfsmönnum og foreldrum upp á gott umhverfi. Sveitarfélagið mun halda áfram að þróa skólustarf í Fjallabyggð og stuðla að góðu samstarfi á milli allra skólastiga í sveitarfélaginu.

- Endurskoða Fræðslustefnu Fjallabyggðar.
- Sjá grunnskólabörnum áfram fyrir ókeypis námsgögnum og bæta í hvað varðar tæknivæðingu í starfi skólans. Í byrjun verði einblínt á efsta stig grunnskólans og síðan horft til neðri stiga.
- Endurskoða afsláttarkerfi sveitarfélagsins vegna gjaldtöku á leik- og grunnskólastigi.
- Sameina miðstigið og flytja 5. bekk yfir í starfsstöð grunnskólans í Ólafsfirði.
- Sveitarfélagið mun halda áfram þátttöku í verkefninu Tröllaskagasetrið.
- Skoðað verður hvort gjaldfriðs leikskóli sé raunhæft markmið á næstu fjórum árum.
- Skoðað verður hvort gjaldfriðs skólamáltíðir séu raunhæfur kostur.
- Haldið verður áfram með öflugt frístundastarfi 1.-4. bekk í samstarfi við íþróttafélögin. Þá verður á kjörtímabilinu unnið að því að útfæra samstarfið þannig að það nái líka til 5.-7. bekkjar.
- Sérstök áhersla verður á að kanna hvernig umhverfisvænar lausnir geta stuðlað að lægri gjaldtöku.

Velferðamál og málefni fjölskyldunnar

Framboðin eru sammála um að vinna áfram að því að Fjallabyggð verði álitlegur kostur til búsetu fyrir barna- og fjölskyldufólk. Einnig þarf að tryggja samhliða hækkandi meðalaldri þjóðarinnar að þjónusta við eldra fólks komi til móts við þarfir þess.

- Mótuð verði Fjölskyldu- og íbúa stefna sveitarfélagsins til framtíðar.
- Farið verði í það að kanna búsetuþörf fyrir fatlaða og öryrkja og leiðir til að mæta þörf.
- Staðið verði vörð um verkefnið Sveigjanleg dagdvöl og það eftl.
- Skipulagt félagsstarf og dagdvöl fyrir eldri borgara og öryrkja verði eftl með það að markmiði að draga úr eða rjúfa félagslega einangrun, efla færni og bæta heilsu.
- Starfrækt samhæfð og einstaklingsbundin þjónusta við eldra fólk, ásamt því að efla sérhæfða aðstoð og hjúkrun í heimahúsum.
- Eftl verði Heilsuefandi samfélag þar sem horft er til bæði andlegrar og líkamlegrar heilsu íbúa, með því að skapa tækifæri til heilsueflingar og forvarna.
- Stuðlað verði að auknu framboði á frístundastarfi barna yfir sumarfrístímamann í samráði við félagasamtök og íþróttafélög.
- Að jafnréttismál verði í forgrunni allrar stefnumótunar á vegum sveitarfélagsins.
- Að þjónusta við innflytjendur verði bætt og gerð markvissari t.d. með samstarfssamningi við Fjölmenningssetur.

Markaðs og menningarmál

Í Fjallabyggð er mjög blómlegt menningar og listastarf. Sveitarfélagið mun halda áfram stuðningi sínum og menningu í Fjallabyggð.

- Sveitarfélagið muni halda áfram stuðningi sínum með markaðssetningu viðburða og hátíða sem eru í boði í Fjallabyggð og auka fjárframlög.
- Menning og listir verði vettvangur til þess að stuðla að þátttöku innflytjenda og nýbúa í samfélaginu.
- Sveitarfélagið stuðli að því að listafólk úr Fjallabyggð komi fram á sem flestum viðburðum á vegum Fjallabyggðar og þeim sem sveitarfélagið styrkir.
- Siglufjarðarhöfn og Fjallabyggð verði áfram markaðssett sem áfangastaður fyrir skemmtiferðaskip í samvinnu við Síldarminjasafnið.

Íþróttir, tómstundir og félagasamtök


Framboðin eru sammála um að halda áfram að stuðningi og samstarfi Fjallabyggðar við íþróttafélög og frjáls félagasamtök. Þau gegna mjög mikilvægur hlutverki í samfélaginu og því mikilvægt að staðið sé á bak við þeirra góða starf.

- Styrkjakerfi sveitarfélagsins til íþróttamála verði skoðað m.t.t. þess hvernig hægt sé að hvetja til aukins samstarfs íþróttafélaga í sömu grein innan sveitarfélagsins. Frístundastyrkur og framlag til ÚÍF verði hækkað samhliða þessu.
- Á kjörtímabilinu mun sveitarfélagið setja á fót samráðshóp um framkvæmdaáætlun um hvernig staðið skuli að uppbyggingu mannvirkja til íþróttaiðkunar og útivistar í samráði við íbúa, hagsmunaaðila og íþróttahreyfinguna.
- Starfsemi Neons verði efld með því að bjóða upp á skipulagt starf fyrir 5.-7. bekk.
- Neon verði opnð fyrir ungt fólk að 20 ára aldri í samráði við Ungmennaráð.
- Haldið verði áfram með verkefnið Heilsueflandi samfélag.
- Sveitarfélagið mun halda áfram sínu góða samstarfi við björgunarsveitirnar í Fjallabyggð og standa áfram vel við bakið á þeim í þeirra fjölbreyttu verkefnum.
- Sveitarfélagið í samstarfi við félög eldri borgara og íþróttafélögin skoði hvernig hægt sé að gera eldra fólk að virkum þátttakendum innan íþróttahreyfingarinnar.
- Hreystigarðar verði settir upp í báðum byggðakjörnum.

Fjallabyggð 28.05.2022



F.h. A-lista Jafnaðarfólks og
óháðra



F.h. D-lista Sjálfstæðisflokksins í
Fjallabyggð